



Fundargerð

6. september 2019

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 12 hjá núverandi stjórn og númer 1032 frá upphafi.

Mætt: Sveinn Kristinsson formaður, Ragna Árnadóttir, Ívar Kristinsson, Jónas Sigurðsson, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir, Sveinn Þorsteinsson, Þóra Björk Nikulásdóttir, Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Krístrún Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Voru með í gegnum fjarfundarbúnað: Gísli Rafn Ólafsson og Halldór Valdimarsson.

Forföll boðuðu: Hrund Snorradóttir, Oddrún Kristjánsdóttir og Helgi Ívarsson.

Formaður setti fundinn kl. 16:05 og bauð stjórn velkomna á fundinn.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs 10. júlí 2019

Samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs 30. ágúst 2019

Samþykkt.

3. Fundargerð stjórnarfundar 14. júní 2019

Samþykkt.

4. Stefna 2030

Atli Viðar Thorstensen sviðstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs og Jón Brynjar Birgisson sviðstjóri innanlandssviðs komu inn á fundinn kl. 16:43. Atli og Jón kynntu stefnuvinnu Rauða krossins á Íslandi (Stefnu2030) sem fram fór á starfsmannadegi í ágúst, hvar hún stendur og næstu skref.

Formaður lagði til að stofnaður yrði stefnuhópur sem hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnuvinnunni. Lagt var til og samþykkt að Silja Bára Ómarsdóttir, Ívar Kristinsson og Melkorka Mjöll Kristinsdóttir yrðu fulltrúar stjórnar í stefnuhópnum og fulltrúar starfsmanna yrðu Jón Brynjar Birgisson og Atli Viðar Thorstensen.

5. Sex mánaða uppgjör

Arna Harðardóttir fjármálastjóra kom inn á fundinn 16:05. Arna kynnti sex mánaða uppgjör Landsskrifstofu, fór yfir helstu tölur og útskýrði uppgjörið.

6. Breytingar á Efstaleiti 9, fjármögnun

Kristín og Arna kynntu fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Rauða krossins í Efstaleiti. Farið var yfir þarfagreiningu starfshóps sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að þarfagreiningu vegna stækkunar á húsi Rauða krossins í Efstaleiti 9. Hópin sátu starfsmennirnir Jón Brynjar Birgisson, Marínó Már Marínósson, Marín Þórsdóttir, Áshildur Linnét auk Karólínu Stefánsdóttur formanns Rauða krossins í Hafnarfirði/Garðabæ. Deiliskipulagstillaga um stækkun á norðurálmum til vestur og byggja þriðju hæð ofan á núverandi álmum hefur verið samþykkt. Ræddir voru möguleikar til að fjármagna breytingarnar.

Til stendur að funda með framkvæmdaráði Reykjavíkurbæjar á næstu dögum og fara yfir stöðuna. Samþykkt var að formaður skrifi bréf til formanns Krabbameinsfélags



Fundargerð

6. september 2019

Íslands þess efnis að Rauði krossinn óski eftir því að selja sameign félaganna á Rauðarárstíg.

Ragna Árnadóttir kom inn á fundinn kl. 16:25

Arna yfirgaf fundinn kl. 16:42

7. Formannafundur

Lagt er til að formannafundur verði haldinn á Akureyri 1.-2. nóvember 2019. Drög að dagskrá voru kynnt og samþykkt af stjórn. Rætt verður m.a. um undirbúning aðalfundar.

8. Framhald sjúkrabíla

Sveinn fór yfir stöðu sjúkrabílamála. Í júlí var skrifað undir samning við Sjúkratryggingar Íslands um áframhaldandi rekstur sjúkrabíla. Samningurinn var framlengdur til ársloka 2022. Útboð Sjúkratrygginga vegna 25 nýrra bíla var opnað um miðjan ágúst og er nú verið að meta útboðsgögnin.

9. Stjórnarfundir í vetur

Eftirfarandi tímasetningar fyrir stjórnarfundum voru samþykktir.

Föstudaginn 27. september 2019 Kl. 16:00-18:00

Föstudaginn 1. nóvember 2019 Kl 15:00-17:00

Föstudaginn 13. desember 2019 Kl 17:00-19:00

Föstudaginn 22. maí 2020

10. Málefni deilda

- Múlasýsludeild telur sig ekki þurfa kassatekjur og vill deildin færa þá fjármuni inn í verkefnasjóð.
- Kristín og Jón Brynjar stefna á heimsókn til Fáskrúðsfjarðar, Djúfavogs og Seyðisfjarðar í haust.
- Kristín fór yfir niðurstöður úrskurðarnendar um viðskipta fjármálafyrirtækja vegna Fáskrúðsfjarðardeilda.
- Mikilvægt er að allir kjörnir stjórnarmenn deilda sem og stjórn Rauða krossins taki „Námskeið fyrir stjórnir deildir“. Lagt var til og samþykkt að skylda sé fyrir stjórnarfolk að ljúka námskeiðinu. Lögð er áhersla á að stjórnarmenn ljúki námskeiðinu fyrir fyrsta stjórnarfund.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

Kristín fór yfir stöðu verkefnasjóðs. Á næsta fundi stjórnar 27. september verða verkefnasjóðs umsóknir afgreiddar. Umsóknir í sjóðinn í ár eru samtals 90 milljónir en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar eru 59 milljónir króna. Rætt var um að senda ákall til deilda sem geta lagt fé í Verkefnasjóð til að milda niðurskurðinn. Því fjármagni yrði úthlutað í seinni úthlutun í nóvember.

Sigrún Magnúsdóttir stjórnarmaður Verkefnasjóðs hefur beðist undan setu í stjórninni. Lagt var til að Silja Jóhannesdóttir gjaldkeri í stjórn Þingeyjarsýsludeilda taki sæti Sigrúnar. Stjórn samþykkti tillöguna.



Fundargerð

6. september 2019

Í stjórn Verkefnasjóðs sitja:

- Stefán Yngvason Reykjavík
- Haukur Valsson Borgarfirði
- Hlíf Hrólfsdóttir Hólmavík
- Sigríður Herdís Pálsdóttir Egilsstöðum
- Silja Jóhannesdóttir Húsavík

12. Önnur mál

- Framkvæmdaráð lagði til að lögð verði meiri áhersla nýta fjarfundarbúnað á framkvæmdaráðsfundum og stjórnarfundum. Þessi áhersla er í takt við áherslu Rauða krossins í loftslagsmálum. Stjórnarmenn voru hvattir til að láta vita ef þeir telja sig þurfa búnað til þess að geta tekið þátt í fundunum utan fundarstaðar.
- Rætt var um 95 ára afmæli Rauða krossins í desember. Formaður lagði til að þeir sem hafa aðstöðu opni Rauða kross húsin um allt land og bjóða fólki í kaffi.
- Minnst var á mikilvægi þess að skoðaðir yrðu tæknimöguleikar í að létta störf Rauða krossins.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:42//kp